



Ísafold, hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð
Ingibjörg Valgeirsdóttir, forstöðumaður
Strikinu 3, Sjólandi
210 Garðabæ

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferðarraduneyti.is

Reykjavík 21. desember 2017
Tilv.: VEL17060055/05.53.02

Efni: Dagdvöl Ísafold - svar við beini um fjölgun dagdvalarrýma.

Velferðarráðuneytið vísar til erindis Garðabæjar, dags. 7. júní 2017 og ítrekunar erindisins dags. 21. desember 2017, þar sem óskað er eftir fjölgun dagdvalarrýma um fjögur rými og að þau verði fyrir fólk með heilabilun. Í dagdvöl Ísafoldar eru fyrir 16 almenn dagdvalarrými en við hönnun húsnæðisins var gert ráð fyrir 20 dagdvalarrýmum.

Velferðarráðuneytið hefur farið yfir umsóknina og heimilar að í dagdvölinni verði alls 20 dagdvalarrými og þar af verði fjögur rými sérstaklega ætluð fólki með heilabilun. Ráðuneytið vekur samt athygli á því að nauðsynlegt er að skipuleggja starfsemi í slíkum dagdvalarrýmum á annan máta en almenna dagdvöl því ætlast ráðuneytið til að samstarf verði haft við öldrunarsvið Landspítala á Landakoti en þar er m.a. haldið utan um biðlista inn í dagdvöl fyrir fólk með heilabilun í heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra


Guðrún Sigurjónsdóttir


Bryndís Þorvaldsdóttir

Ljósrit: Sjúkratryggingar Íslands, Heiðbjört Ófeigsdóttir, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík
Landspítali - Öldrunarsvið LSH Landakoti, Landakoti, Túngötu 26, 101 Reykjavík
Landspítali, Páll Matthíasson, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03.2026